

**AUGLÝSING**  
**um breytingu á aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs**  
**vegna breyttrar legu Kröflulínu 3.**

Skipulagsstofnun staðfesti, 8. febrúar 2019, breytingu á aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028 sem samþykkt var í bæjarstjórn 5. desember 2018.

Í breytingunni felst að legu Kröflulínu 3 er breytt á 10 km kafla á línuleiðinni sem nær frá vestari mörkum sveitarfélagsins í Jökulsá á Fjöllum að mörkum Fljótsdalshrepps á Klausturselsheiði.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Skipulagsstofnun, 8. febrúar 2019.*

**Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.**

---

*Ottó Björgvin Óskarsson.*